

Skapandi lokaverkefni 2016



Höfundar:

Bryndís María Olsen
Jóhanna Ómarsdóttir
Karen Óskarsdóttir
María Rós Valgeirsdóttir
Steinunn Elísabet Benedikstdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Heitir og kaldir könglar - miðstig

Viðfangsefni / Námsgreinar	Námsefni / Námsgögn	Hæfniviðmið	Afurð / Námsmat	Tengsl við grunnþætti og lykilhæfni
<p>Markmið verkefnisins er að vinna hlutbundið með meðaltal, frádrátt og samlagningu. náttúrufræði og heita og kalda liti. Verkefnið er framkvæmanlegt frá desember til mars eða þegar könglar eru aðgengilegir.</p> <p>Samþættar eru námsgreinarnar:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Myndmennt ○ Stærðfræði ○ Náttúrufræði ○ Útinám 	<ul style="list-style-type: none"> ○ Eyðublað með orðadæmum ○ Könglar ○ Pokar ○ Tannstönglar ○ Pappakassar ○ Penslar ○ Þekjulistir ○ Blað og blýantur ○ Uppflettirit um plöntur og veraldavefurinn 	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ leitað sér upplýsinga sem varða náttúruna. ○ greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka. ○ útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt. ○ nýtt sér eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í lita- og formfræði. ○ notað hugtök og táknmál úr stærðfræði og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 87-228) 	<p>Nemendur vinna að eigin sköpun og upplýsingaöflun Stærðfræðieyðublað</p> <p>Matshlutföll: Lausn dæma 30% Kynning 50% Könglar 20%</p>	<p>Grunnþættir</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Læsi ○ Sjálfbærni ○ Sköpun <p>Lykilhæfni</p> <ul style="list-style-type: none"> ○ Tjáning og miðlun ○ Gagnrýnin hugsun ○ Sjálfstæði og samvinna ○ Ábyrgð og mat á eigin námi ○ Nýting miðla og upplýsinga ○ Skapandi og gagnrýnin hugsun <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 87-95)</p>

Nánari útlistun á kennsluáætluninni „Heitir og kaldir könglar“.

Þetta samþætta verkefni býður upp á samvinnu myndmenntarkennara, náttúrufræðikennara og stærðfræðikennara.

1.-2. kennslustund

Nemendum eru sýndir könglar í heitum og köldum litum og útskýrt hvert hlutverk köngla er í náttúrunni. Farið er yfir vinnuferlið og nemendum gerð grein fyrir hvaða þættir eru metnir.

Næsti hluti fer fram í útinámi og eru útivistasvæði fjölmörg. Á höfuðborgarsvæðinu eru til dæmis: Öskjuhlíð, Heiðmörk, Elliðaárdalur og Laugardalur. Nemendum er skipt í tvö lið sem keppa um það hvort þeirra getur tínt fleiri köngla. Fínt er að miða við að krakkarnir tíni köngla þar til um það bil korter er eftir af kennslustundinni. Nemendur fá eyðublað (sjá fylgiskjal 1.) með spurningum um fjölda og meðaltal. Liðin telja hvort fyrir sig könglana sem þeir tíndu og fenginn er nemandi úr hvoru liði til að fylgjast með hinu liðinu til þess að allt fari rétt fram. Því næst útfylla nemendur saman eyðublaðið. Nemendur velja sér síðan 10 köngla hver sem þeir leggja til þerris þar til í næsta tíma. Afgangur af könglunum getur verið notaður í jólaföndur eða skilað aftur út í náttúruna í öðrum útinámstíma.

3.-4. kennslustund

Örfyrirlestur um litafræði og litablöndun og hugtökin heitir og kaldir litir eru útskýrð.

Nemendur velja sér að minnsta kosti 10 köngla og læra að binda lykkju á köngulinn svo hægt sé að hengja hann upp. Könglarnir eru hengdir upp á tannstöngul sem er stungið í pappakassa. Áður en nemendurnir mála könglana fá þeir prufublað þar sem þeir gera litaprufur með kalda og heita liti og er það hluti af hugmynda- og skissuvinnu. Unnið er á tveim stöðvum, annars vegar með heita liti og hinsvegar með kalda liti.

5.-6. kennslustund

Nemendur klára að mála könglana. Næsta verkefni er að gera mynd af þeim trjám sem könglarnir tilheyra og skrifa nöfn þeirra og önnur einkenni.

7.-8. kennslustund

Í fyrri tímanum undirbúa nemendur kynningar á könglunum og hvernig þeir hyggjast segja frá því sem þeir hafa lært.

Í seinni tímanum koma nemendur fram, einn í einu og sýna hvað þeir hafa lært með því að halda stutta kynningu fyrir samnemendur sína og svara síðan spurningum þeirra.

Heimild:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

Fylgiskjal 1.

Stærðfræði og könglar eyðublað.

Hvað heitir liðið ykkar? _____

Hvað eru margir í ykkar liði? _____

Hvað tínduð þið marga köngla? _____

Deilið fjölda liðfélaga í fjölda köngla. _____

Hvað hefðu þið getað tínt marga köngla ef það hefði verið einn í viðbót í liðinu ykkar og hann hefði náð sama meðalfjölda köngla? _____

Hvað hefðu þið getað tínt marga köngla ef það hefði verið einum færri í liðinu ykkar sem hefði náð sama meðalfjölda köngla? _____

HEITIR OG KALDIR KONGLAR LEIÐBEININGAR

1



HAFIÐ TILBÚIÐ ÞRÁÐ,
KONGLA OG ÍLAT FYRIR
KONGLANA ÞVI NEMENDUR
BYRJA Á ÞVI AÐ BINDA
LYKKJUR Á KONGLANA
OG ÞAÐ ER TEKLUR AÐ
MINNSTA KOSTI EINA
KENNSLUSTUND MARGA
NEMENDUR SKORTIR FÆRNI
I AÐ BINDA HNLUTA. GEFÐU
ÞEIM ÞANN TÍMA SEM ÞEIR
ÞURFA.

ÞÚÐU TIL TVÆR
MÁLNINGARSTÖÐVAR
AÐRA MEÐ HEITA LITI
OG HINA MEÐ
KALDA LITI. NOTAÐU
TÍMANN Á MEÐAN
NEMENDUR ERU AÐ
BINDA
LYKKJUR Á
KONGLANA



2.

3.




NEMENDUR FARA
AÐ AÐRA HVORA
STÖÐINA OG MÁLA
HELMINGINN AF
KONGLUNUM

4



SÍÐAN FARA ÞEIR Á
HINA STÖÐINA OG
MALA HINN
HELMINGINN AF
KONGLUNUM.

5



ÞÐ LOKUM ERLI
KONGLARNIR
HENGDIR TIL
ÞERRIS Á
PAPPKASSA
MEÐ
TANNSTÖNGLUM.
KONGLARNIR
HANGA ÞAR TIL ÞEIR
ERU ÞORRNADIR.

6



TAKK FYRIR OG
GANGI YKKUR VEL.